REGLUGERÐ

um veiðisvæði við úthafsrækjuveiðar.

1. gr.

Skipum, sem heimild hafa til veiða á úthafsrækju, er heimilt að stunda veiðar á rækju utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með eftirfarandi takmörkunum:

1. Fyrir Suðurlandi eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði milli 14°30'V og 23°00'V allt árið.
2. Við Eldey eru rækjuveiðar bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40'V og að norðan af 64°05'N.
3. Fyrir Vesturlandi austan 25°30'V milli 64°N og 65°30'N eru úthafsrækjuveiðar bannaðar öllum skipum, sem eru 39 metrar að mestu lengd eða lengri og ennfremur skipum með 1100 hestafla aðalvél eða stærri. Dragi tvö veiðiskip saman rækjuvörpu, skal miða við samanlagða mestu lengd þeirra.
4. Fyrir Norðurlandi, á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi norður frá Horni og Rauðanúp, eru úthafsrækjuveiðar bannaðar öllum skipum, sem eru 200 brúttórúmlestir og stærri, sunnan 66°40'N, á tímabilinu frá og með 15. maí til og með 31. október.

2. gr.

Þrátt fyrir 1. gr. eru rækjuveiðar heimilar á svæði í Héraðsflóa inn að línu, sem dregin er frá Bjarnareyjarvita í Ósfles. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er réttvísandi austnorðaustur frá Bjarnareyjarvita og að sunnan af línu, sem dregin er réttvísandi austnorðaustur frá Ósfles.

Þá er og bátum, 100 rúmlestir og minni, heimilar rækjuveiðar á utanverðum Húnaflóa frá og með 15. ágúst til og með 31. október, utan línu sem dregin er milli eftirgreindra staða: Selskers, Gjögurs, Kálfshamars, Rifsness og Ásbúðarrifs.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast gildi 1. desember 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 351, 24. september 1992, um veiðisvæði við úthafsrækjuveiðar, ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. nóvember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.